

Ed.

247. Nefndarálit

[34. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973 og nr. 21/1975.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali og samkomulag hefur orðið um milli fjármálaráðuneytisins og BSRB.

Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson taka þó fram, að þeir telja lífeyrissjóðsmál landsmanna í hinum mesta ólestri og fela í sér mikið misrétti og telja brýna nauðsyn á úrbótum í því efni, sbr. frv. um Lífeyrissjóð Íslands. Með hliðsjón af því að þetta frv., 34. mál, er liður í nýgerðum samningum við opinbera starfsmenn sé þó eðlilegt að lögfesta það.

Kjartan Jóhannsson tekur fram, að hann telur ástand lífeyrissjóðsmála í landinu í argasta ólestri og fela í sér eitthvert mesta misrétti sem viðgengst í landinu og þess vegna sé brýn nauðsyn að þegar verði hafist handa við uppstokkun þess og komið á sameiginlegum lífeyrissjóði og lífeyrisréttindakerfi allra landsmanna. Enn fremur bendir hann á að samkv. þeim lögum, sem hér eru til afgreiðslu, njóta menn lífeyris sem hundraðshluta af þeim launum, sem þeir gegndu síðast, og sjóðfélagi, sem dregur úr vinnu sinni fyrir aldurs sakir, þegar liður á starfstímann, er þannig stórlega hlunfarinn, en á hinn bóginn býður þetta upp á misnotkun kerfisins með takmörkuðu vinnuframlagi meginhluta starfstímans, en fullu starfi á síðustu starfsárunum. Þess vegna leggur Kjartan Jóhannsson áherslu á að þetta mál verði tekið til athugunar hið fyrsta.

Gunnar Thoroddsen var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. des. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson,
form., frsm.

Davíð Aðalsteinsson.

Ey. Kon. Jónsson.

Guðm. Bjarnason.

Kjartan Jóhannsson.

Lárus Jónsson.